

**Mál nr. 305/2010**

**M  
og  
váttryggingafélagið X. v/ ábyrgðartryggingar vinnuveitanda.**

**Starfsmaður slasaðist er hann féll úr lausum stiga þann 25.7.2007.**

**Gögn.**

1. Málskot, móttakið 30.9.2010, ásamt fylgigögnum.
2. Bréf X, dags. 13.10.2010, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

M var að vinna í lausum álstiga á vegum vinnuveitanda síns, V, í um þriggja metra hæð að eigin sögn utan á húsvegg og vann við hreinsun á plasti sem er fylling í veggnum fyrir bita. Mun þá stiginn hafa byrjað að renna til hliðar og snúast. Við það féll M og vinstri fótur hans festist á milli þrepa í stiganum með þeim afleiðingum að hann hælbrotnaði. Stiginn var ekki festur að ofanverðu og engir klossar voru settir fyrir framan hann að neðanverðu.

M kveður frágang stigans og aðstæður á vinnustaðnum hafa farið í bága við nánar tilgreind ákvæði í lögum nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum, ákvæði í viðauka við reglugerð nr. 367/2006 um notkun tækja, svo og ákvæði í viðauka reglna nr. 547/1996 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggisráðstafanir o.fl. Einnig hafi yfirmaður M fyrirskipað að stigi skyldi notaður við verkið í stað vinnupalls. Þá hafi slysið ekki verið tilkynnt Vinnueftirliti ríkisins eins og áskilið er lögum samkvæmt. Hefur M krafist bóta úr ábyrgðartryggingu V hjá váttryggingafélaginu X. X hefur hafnað bótaskyldu. Er á það bent að M hafi staðið til boða að nota verkfall við verkið hefði hann kosið svo. Hann hafi hins vegar valið að nota stigann eins og venja mun vera þegar verk eins og hér um ræðir er unnið. M hafi á hinn bóginn látið hjá líða að festa stigann að ofanverðu. Hann hafi fengið fræðslu um öryggismál á vinnustaðnum, þ. á m. varðandi notkun á lausum stigum. Hafi því mátt treysta því að M myndi sjálfur huga að eigin öryggi eins og að festa stigann með tryggilegum hætti.

**Álit.**

Samkvæmt því sem liggur fyrir í máli þessu þykir ekki hafa verið sýnt fram á að fall M í stiganum verði rakið til atvika sem V ber ábyrgð á sem vinnuveitandi M. Ekki er deilt um tildrög slyssins eða aðstæður á slyssað. Eins og hér á stendur eru ekki talin efni til að sönnunarbyrði um málsatvik verði að einhverju leyti varpað af M yfir á V fyrir þær sakir að slysið var ekki tilkynnt Vinnueftirlitinu innan lögmæltis frests. Að öllu athuguðu telst slysið ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

**Niðurstaða.**

Líkamstjón M er ekki bótaskyldt úr ábyrgðartryggingu V hjá X.

Reykjavík, 2. nóvember 2010.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.